

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 8. apríl 2026

Mál nr. S-4277/2025:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
(*Pétur Fannar Gíslason aðstoðarsaksóknari*)
gegn
Roger Ray Phea
(*Stefán Karl Kristjánsson lögmaður*)

Dómur

I

Ákæra, málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem var dómtekið 12. mars 2026, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 5. ágúst 2025 á hendur Roger Ray Phea, kt. [...], [...],

„fyrir tilraun til fíkniefnalagabrots, með því að hafa föstudaginn 10. janúar 2025, sótt og gert tilraun til að taka við 4.485 g af maríhúana, en fíkniefnunum hafði verið komið fyrir í kassa sem átti að innihalda Airfryer matvinnslutæki frá Bandaríkjunum. Lögregla lagði hald á fíkniefnin í vöruhúsi Fedex að Selhelli 9 í Hafnarfirði og skipti þeim út fyrir gerviefni. Ákærði sótti pakkann í Fedex að Selhelli 9 í Hafnarfirði og ók með hann að heimili sínu að [...] í Reykjavík, þar sem hann var handtekinn.

M. 007-2025- [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, [sbr. 2. gr. og 14. gr.] reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Krafist er upptöku á 4.485 g af maríhúana, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.“

2. Málið var þingfest 25. september 2025 og neitaði ákærði sök samkvæmt ákæru. Í þinghaldinu óskaði ákærði sérstaklega eftir því að aðalmeðferð málsins færi ekki fram fyrr en um miðjan mars 2026 vegna persónulegra aðstæðna. Var málinu því frestað til aðalmeðferðar til 12. mars 2026 og dómtekið þann dag að loknum skýrslutökum og munnlegum málflutningi.
3. Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsingin verði skilorðsbundin að fullu. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda í samræmi við tímaskýrslu og að málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

II

Helstu málsatvik

4. Samkvæmt frumskýrslu barst lögreglu tilkynning frá Tollgæslu Íslands 9. janúar 2025 um að pakki sem skráður væri á ákærða hefði verið stöðvaður í tollskoðun og að við skoðun hans hefðu fundist meint kannabisefni. Lögreglan sótti pakkann samdægurs til tollgæslunnar og í framhaldi voru efnin fjarlægð úr pakkanum af tæknideild lögreglu og gerviefnum komið fyrir í honum í staðinn.
5. Daginn eftir, 10. janúar 2025, sótti ákærði pakkann í vöruhús Fedex að Selhelli 9 í Hafnarfirði. Var ákærði á bifreið sem er skráð á [...] hans og fylgdi lögregla ákærða eftir að heimili hans að [...] þar sem hann var handtekinn. Lögregla mun við handtökuna hafa skoðað farsíma ákærða og séð þar að ákærði átti í samskiptum við óþekktan aðila sem var nefndur C2 í síma ákærða. Þetta hafi sést þar sem sími ákærða var opinn, en stuttu síðar mun síminn hafa læst sér. Áður en síminn læstist tók lögregla skjáskot af skilaboðum sem gengu milli ákærða og C2. Í framhaldi framkvæmdi lögregla leit á heimili ákærða og í umræddri bifreið en þar fannst ekkert saknæmt.
6. Ákærði var í framhaldi af þessu fluttur á lögreglustöð þar sem tekin var skýrsla af honum með réttarstöðu sakbornings. Í samantekt af skýrslu ákærða er haft eftir honum að hann hafi verið að sækja pakkann fyrir vin sinn, A, sem hann hefði nefnt C2 í farsíma sínum. Sagðist ákærði ekki vita hvers vegna hans nafn væri á pakkanum en ekki nafn vinarins. Ákærði kvaðst ekki geta sagt mikil deili á þessum vini sínum, en lýsti honum sem meðalmanni („medium built“) með dökkt hár og væri hugsanlega frá [...]. Kvaðst ákærði einu sinni áður hafa sótt pakka á pósthúsið fyrir þennan sama vin sinn. Ákærði heimilaði lögreglu rannsókn á bankagögnum og „data“-gögnum en heimilaði lögreglu

ekki rannsókn á farsíma sínum. Að lokinni skýrslutöku var ákærða sleppt úr haldi lögreglu. Virðist rannsókn á bankagögnum ákærða og „data“-gögnum síma hans ekki hafa leitt neitt sagnæmt í ljós og eru þau ekki á meðal rannsóknargagna málsins.

7. Samkvæmt skýrslu lögreglu var enginn réttthafi skráður á símanúmerið sem skráð var sem C2 í síma ákærða. Á meðal gagna málsins eru þrjú skjáskot sem lögregla tók af samskiptum ákærða við C2. Eitt skjáskotið er af samskiptum milli þeirra 19. nóvember en ártal kemur ekki fram. Þar gefur ákærði upp fullt nafn sitt og heimilisfang og spyr: „When will it come“ sem C2 svarar að hann viti ekki hversu langan tíma þetta taki. Hin tvö skjáskotin eru samkvæmt skýrslu lögreglu sögð vera frá sama degi og pakkinn var afhentur ákærða, þ.e. frá 10. janúar 2025. Þar þakkar ákærði aðilanum fyrir að treysta sér og samskiptin virðast snúast um að ákærði eigi að hitta einhvern mann og enn fremur að greiða C2 tiltekna fjárhæð. Samkvæmt skýrslunni tókst lögreglu ekki að finna út hver aðilinn C2 væri.
8. Þá er lögregluskýrsla á meðal gagna málsins þar sem fram kemur að lögregla fari þess „á leit við dómara“ að henni verði heimilað að rannsaka „data“-gögn farsímanúmersins sem skráð er sem C2 í síma ákærða til að reyna að finna út hver aðilinn á bak við númerið sé. Ekki er að finna dómsúrskurð þar að lútandi í rannsóknargögnum málsins, en í gögnunum er lögregluskýrsla, dags. 7. febrúar 2025, þar sem kemur fram að við „rannsókn á datagögnum NN [megi] ekki sjá neitt sem gæti varpað ljósi á hver aðilinn [sé]“. Á meðal málgagna er hins vegar dómsúrskurður um heimild til rannsóknar á rafrænu efnisinnihaldi farsíma ákærða, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur 16. janúar 2025 í máli nr. R-189/2025. Samkvæmt skýrslu lögreglu, dags. 21. maí 2025, vantaði aðgangsupplýsingar að símanum og lögreglu tókst ekki að aflæsa símanum til þess að lesa gögn úr honum.
9. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar lögreglu voru hin haldlögðu efni í 10 pakkningum og hver pakkning í þremur lofttæmdum plastumbúðum. Greindi tæknideild efnin sem maríhúana og var heildarmagn 4.485 g. Send voru 10,18 g til frekari rannsóknar á Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Samkvæmt matsgerð rannsóknastofunnar, dags. 3. febrúar 2025, fór greining fram með smásjárskoðun, gasgreiningu á súlu og massagreiningu og reyndist sýnið vera kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni var 152 mg/g, en reiknað magn tetrahýdrókannabínóls fyrir þurrkun var 144 mg/g.

III

Skýrslutökur fyrir dómi

10. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hann hefði kynnst hópi af náungum sem hefðu boðið honum byggingarvinnu. Kvaðst hann hafa komist í samband við mennina seint á árinu 2024 í gegnum auglýsingu um byggingarvinnu. Hefði ákærði þurft að borga mönnunum 50.000 krónur til að fá vinnuna. Ákærði kvaðst ekki hafa átt pening á þessum tíma og mennirnir hefðu þá sagt að hann gæti sótt fyrir þá pakka. Kvaðst hann einu sinni áður hafa sótt pakka fyrir þá og þess vegna talið að þetta væri „allt í lagi“. Ákærði kvaðst ekki hafa átt að fá neitt greitt fyrir að sækja pakkann, heldur hefði þetta verið greiði við mennina. Þá kvaðst ákærði eftir sem áður hafa þurft að greiða þeim til þess að fá byggingarvinnuna, en hann hefði ákveðið að gera þeim þennan greiða þar sem þeir hafi ætlað að útvega honum vinnu. Nánar aðspurður kvaðst ákærði hafa sótt pakkann í þeirri trú að það myndi hjálpa honum að fá vinnuna.
11. Ákærði kvaðst hafa farið heim til sín eftir að hann sótti pakkann og lögreglan hefði komið og handtekið hann fyrir utan heimili hans. Kvaðst ákærði hafa sagt lögreglu að hann hefði hvergi komið nálægt þessu og hefði ekki vitað af efnunum í pakkanum. Þá kvaðst ákærði hafa sagt lögreglumönnunum að hann væri tilbúinn til þess að fara með þeim að „hitta náungana“ sem hann sótti pakkann fyrir, en lögregla hefði ekki viljað það. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna hvar hann hafi átt að afhenda mönnunum pakkann, en hafi gert ráð fyrir að hann ætti að gera það einhvers staðar niðri í bæ „heima hjá þeim“. Ítrekaði ákærði að hann hefði sagt lögreglu að hann vildi fara með lögreglunni að hitta náungann svo þeir gætu náð honum, því ákærði hafi ekki viljað koma nálægt þessu. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa skýrt lögreglu frá því að mennirnir hefðu boðið honum vinnu þar sem hann hefði verið í sjokki eftir handtökuna.
12. Ákærði kvaðst aðspurður halda að hann hafi verið með einhvern kóða til að sækja pakkann og það hafi verið A, sem hét C2 í síma ákærða, sem hafi sent honum kóðann. Ákærði kvaðst hafa verið mjög hissa þegar hann sá að pakkinn var á hans nafni, en kvaðst engu að síður hafa tekið við honum og var nokkuð viss um að hann hefði sýnt skilríki. Tók ákærði fram að pakkinn sem hann hefði sótt áður hefði ekki verið á hans nafni. Ákærði kvaðst ekki vita nein deili á þessum A og kvaðst ekki einu sinni vera viss um að þetta væri hans raunverulega nafn. Þá kvaðst hann ekki vita eftirnafn A.
13. Ákærði kvaðst aðspurður ekki selja fíkniefni og ekki heldur vita til þess að mennirnir seldu fíkniefni og tók fram að ef hann hefði vitað það hefði hann ekki sótt pakkann.

Ákærði kvaðst ekki hafa opnað pakkann á neinum tímapunkti og ekki hafa vitað hvað væri í honum. Kvaðst hann ekki hafa spurt manninn sem bað hann um að sækja pakkann hvað væri í honum og kvaðst hafa talið að það væri eitthvað fyrir „reksturinn“. Aðspurður kvaðst ákærða ekki hafa fundist neitt skrítið við það að hann væri beðinn um að sækja pakka sem innihéldi eitthvað löglegt fyrir reksturinn og hefði einungis haldið að þeir væru bara svo uppteknir við reksturinn og hann hefði því viljað hjálpa. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa skuldað mönnunum pening.

14. Aðspurður kvaðst ákærði hafa heimilað lögreglu að skoða síma sinn. Síminn hefði verið ólæstur og hann því ekki gefið lögreglu upp pin-númer, en síminn hafi verið stilltur þannig að langur tími liði áður en síminn læsti sér. Þá kvaðst ákærði sérstaklega aðspurður aldrei hafa verið beðinn um pin-númer símans, hann hefði sagt að lögregla mætti skoða símann og að hér hlyti að vera um einhvern misskilning að ræða.
15. *Lögreglumaður B* greindi frá því að hann hefði skrifað flestar skýrslur í málinu og staðfesti þær. Kvað vitnið að um hefði verið að ræða hefðbundna pakkasendingu sem fíkniefni hefðu fundist í. Efnin hefðu verið fjarlægð úr pakkanum og gerviefni sett í staðinn, en engum eftirfarar- eða hlustunarbúnaði komið fyrir í honum. Pakkinn hefði svo verið sóttur og aðilanum sem sótti hann hefði verið fylgt eftir að fjölbýlishúsi og tekin hefði verið ákvörðun um að handtaka hann þar fyrir utan, en það hefði ekki verið vitnið sem tók þá ákvörðun. Kvaðst vitnið hafa verið einn af þeim sem fylgdu ákærða eftir og einnig verið viðstaddur handtökuna. Aðspurður kvað vitnið sig minna að ákærði hefði boðist til að fara með lögreglu til mannsins sem átti pakkann. Á leiðinni á lögreglustöðina með ákærða hefði því verið ekið inn í eitthvert hverfi sem ákærði hafi vísað þeim á, en svo hafi ákærði ekki getað bent lögreglu á hvar maðurinn væri. Vitnið tók fram að hann myndi þetta ekki nægilega vel.
16. Vitnið kvað ákærða hafa skýrt frá því að hann hefði sótt pakkann fyrir einhvern vin sinn, sem hétu einhverju ákveðnu nafni í farsíma hans. Sími ákærða hefði verið opinn við handtökuna, en svo hefði hann læst sér og lögregla ekki komist inn í hann eftir það. Áður en síminn læstist hefði lögregla þó náð að tryggja ákveðin rannsóknargögn í símanum sem sýndu ákveðin samskipti við þann aðila sem ákærði kvaðst hafa sótt pakkann fyrir. Vitnið greindi frá því að í skýrslutöku hefði verið óskað eftir heimild hjá ákærða til að rannsaka farsíma hans, en ákærði hafi neitað því. Farið hafi verið með kröfu um þetta fyrir dóm en vitnið kvaðst ekki vita til þess að fengið hefði verið pin-númer hjá ákærða, það hefði í það minnsta ekki borist vitninu. Kvað vitnið aðra deild lögreglu sjá um að

opna farsíma, en það sé svo á hendi þess rannsóknarlögreglumanns sem fer með málið að rannsaka símann eftir að tekist hefur að opna hann. Það hafi hins vegar ekki tekist að opna síma ákærða.

17. Vitnið kvað farsímagögn/„datagögn“ farsímanúmersins sem hefði verið skráð sem C2 í síma ákærða hafa verið rannsökuð, en rannsóknin hefði ekki leitt í ljós hver sá aðili væri og enginn réttihafi verið skráður fyrir því númeri. Þá kvaðst vitnið vera viss um að fenginn hefði verið dómsúrskurður til rannsóknar á „datagögnum“ farsímanúmersins, enda fái lögregla ekki slík gögn án dómsúrskurðar. Kvaðst vitnið ekki kunna skýringu á því hvers vegna sá dómsúrskurður væri ekki á meðal gagna málsins.
18. Sérstaklega aðspurður kvaðst vitnið ekki minnst þess að neitt ákveðið hafi komið fram við rannsókn málsins sem hafi gefið til kynna að ákærði hafi vitað af fíkniefnum í pakkanum, en hann hafi verið stílaður á ákærða eftir því sem vitnið minnti.

IV

Niðurstaða

19. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. téðra laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.
20. Ákærði neitar sök. Ljóst er af málsgögnum að fíkniefni af þeirri tegund og magni sem greinir í ákæru fundust við leit tollgæslu í pakkasendingu 9. janúar 2025 sem skráð var á ákærða, en samkvæmt farmbréfi átti pakkasendingin að innihalda „Microwave (Airfryer)“ frá Bandaríkjunum. Þá liggur fyrir að lögregla hafi skipt út þessum efnum fyrir gerviefni. Einnig liggur fyrir að ákærði fór daginn eftir, sótti umræddan pakka í Fedex að Selhelli 9, Hafnarfirði, og ók með hann heim til sín að [...] í Reykjavík, þar sem hann var handtekinn með pakkasendinguna í vörslum sínum. Samrýmist framangreint varðandi móttöku og meðferð sendingarinnar frá pósthúsi Fedex fram að

handtöku ákærða einnig framburði hans fyrir dómi. Að þessu virtu verður lagt til grundvallar að öll framangreind atriði, sem birtast að mestu í verknaðarlýsingu ákærunnar, teljist vera sönnuð.

21. Ágreiningur og úrlausn málsins lýtur að því hvort ákærði hafi 10. janúar 2025 með saknæmum og ólögmetum hætti ætlað sér að sækja og móttaka pakkasendingu í þeirri trú að hún innihéldi fíkniefni sem greinir í ákæru og voru upphaflega í sendingunni við komu til landsins. Ekki kemur hins vegar fram í verknaðarlýsingu ákærunnar að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar og kemur það því ekki til frekari skoðunar í málinu. Ákærði byggir í aðalatriðum á því að honum hafi verið alls ókunnugt um upphaflegt innihald pakkasendingarinnar og verið í góðri trú um að hann væri að sækja og móttaka pakkasendingu með lögmetu innihaldi. Ákæruvaldið byggir á hinu gagnstæða og leggur til grundvallar að öll rök standi til þess að ákærði hafi í umrætt skipti ætlað að sækja og taka á móti töluverðu magni fíkniefna. Vísar ákæruvaldið í aðalatriðum til þess að framburður og skýringar ákærða hafi verið ótrúverðugar og ekki í nægjanlegu samræmi við gögn málsins.
22. Eins og rakið er að framan bar ákærði um það í skýrslu hjá lögreglu eftir handtöku hans að hann hefði verið að sækja pakkann fyrir vin sinn, David. Kvaðst ákærði ekki geta sagt mikið um þennan vin sinn, en kvað símanúmer mannsins hafa verið vistað undir heitinu C2 í síma ákærða og tekið er fram í samantektarskýrslu um framburðinn að ákærði hafi ekki viljað heimila lögreglu rannsókn á farsímanum. Þá kvaðst ákærði hvorki kannast við innihald pakkans né heldur vita hvers vegna pakkinn hefði verið stílaður á hann. Hvorki liggur fyrir í gögnum málsins endurrit af skýrslu ákærða hjá lögreglu, né heldur upptaka af henni. Í samantektarskýrslu lögreglu, sem er afar stutt, er engu að síður vísað í upptöku skýrslunnar varðandi „freakari svör“ og að mati dómsins er þetta annmarki á rannsóknargögnum málsins eins og þau hafa verið lögð fyrir dóminn.
23. Í skýrslu ákærða fyrir dómi bar hann um að hann hefði sótt pakkann að beiðni manns eða manna, sem hefðu boðið honum byggingarvinnu gegn greiðslu 50.000 króna. Kvaðst ákærði ekkert hafa átt að fá greitt fyrir að sækja pakkann og kvaðst hafa sótt hann þar sem hann teldi líklegra að hann fengi vinnuna ef hann gerði þetta fyrir manninn eða mennina. Þá kvaðst ákærði ekki hafa vitað um innihald pakkans, hann hafi ekkert spurt um það og talið að það væri eitthvað löglegt fyrir „reksturinn“ og að mennirnir hefðu verið uppteknir við „reksturinn“ og hann því viljað hjálpa með þessu. Fyrir dómnum var ákærði spurður hvers vegna hann hefði ekki greint lögreglu frá því að maðurinn

eða mennirnir sem hann sótti þakkann fyrir hefðu boðið honum byggingarvinnu gegn greiðslu 50.000 króna. Svaraði ákærði því til að hann hefði ekki gert það þar sem hann hefði verið í sjokki eftir handtökuna. Er samkvæmt þessu ljóst að ósamræmi er milli framburða ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi um það hvernig það kom til að hann sótti þakkann og að mati dómsins eru skýringar ákærða á þessum breytta framburði hans fyrir dómi ótrúverðugar.

24. Eins og rakið er að framan staðfesti lögreglumaður B fyrir dómi að ákærði hefði neitað lögreglu um heimild til að rannsaka farsíma hans, en ákærði kvaðst hins vegar í skýrslu sinni fyrir dómi hafa heimilað lögreglu rannsókn símans. Fyrir liggur að lögregla krafðist dómsúrskurðar 16. janúar 2025 um heimild til að rannsaka rafrænt efnisinnihald farsímans og samkvæmt þingbók í máli nr. R-189/2025 samþykkti ákærði kröfuna fyrir dómi. Er samkvæmt þessu ljóst að ákærði neitaði lögreglu um þessa heimild, en féllst svo á kröfuna fyrir dómi. Hér að framan er rakið að sími ákærða var ólæstur við handtökuna og lögregla náði að taka ljósmyndir af samskiptum ákærða við C2, sem ákærði hefur borið um að hafi verið sá aðili sem hann sótti þakkann fyrir, áður en síminn læstist. Á meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla, dags. 21. maí 2025, um að aðgangsupplýsingar að síma ákærða hafi vantað og að ekki hafi tekist að aflæsa símanum til að lesa gögn úr honum. Ákærði hefur á hinn bóginn borið um að hann hafi aldrei verið beðinn um aðgangsupplýsingarnar, auk þess sem síminn hafi verið opinn og stilltur þannig að hann læsti sér ekki fyrr en eftir langan tíma. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að lögregla hafi, eftir að úrskurður héraðsdóms í máli nr. R-189/2025 var kveðinn upp, óskað eftir aðgangsupplýsingum símans og lögreglumaður B gat ekki gefið neina skýringu á þessu. Er þetta annmarki á rannsókn málsins sem ákærvaldið verður að bera hallann af. Ákærða verður því ekki kennt um að ekki tókst að opna símann til að rannsaka gögn sem á honum kunna að vera og hefðu getað orðið til þess að upplýsa um mögulegan þátt annarra að málinu.
25. Hins vegar bera gögn málsins með sér að ákærði undirritaði heimild til handa lögreglu til þess að afla símagagna hjá fjarskiptafyrirtækjum vegna símanúmersins [...], sem er símanúmer ákærða. Jafnframt heimilaði ákærði lögreglu að afla upplýsinga hjá fjármálastofnunum, fjármálafyrirtækjum og innheimtufyrirtækjum. Ekkert er í gögnum málsins um að þessara gagna hafi verið aflað í samræmi við heimildir. Þá er í gögnum málsins upplýsingaskýrsla, dags. 7. febrúar 2025, um rannsókn á „datagögnum NN“ þar

sem kemur fram að sú rannsókn hafi ekki varpað neinu ljósi á „hver aðilinn er“. Í umræddri upplýsingaskýrslu kemur ekki fram það símanúmer sem innihélt „datagögnin“ sem voru rannsökuð og enn fremur bera gögn málsins ekki með sér að dómsúrskurðar hafi verið aflað. Lögreglumaður B bar þó um það fyrir dómnum að dómsúrskurðar hljóti að hafa verið aflað, því lögregla fái ekki slík gögn nema að undangengnum dómsúrskurði, en sá úrskurður er í það minnsta ekki á meðal rannsóknargagna málsins.

26. Samkvæmt framangreindu er ljóst að ýmsir annmarkar voru á rannsókn málsins og þeim rannsóknargögnum sem lögð voru fyrir dómnum með ákæru og er það aðfinnsluvert. Að mati dómnsins eru þessir annmarkar á rannsókninni þó ekki þess eðlis að leiða eigi til frávísunar málsins án kröfu, en ákærvaldið hefur metið gögn málsins nægjanleg til að höfða málið á hendur ákærða og það mat verður ekki endurskoðað af dómstólum. Verður því að taka afstöðu til þess hvort ákærvaldinu hafi tekist, þrátt fyrir annmarkana, að færa sönnur á sekt ákærða samkvæmt ákæru.
27. Að framan er rakið að lögregla tók skjáskot eða ljósmyndir af samskiptum í síma ákærða áður en hann læstist, sem að hans sögn voru við þann aðila sem hann sótti pakkann fyrir. Í einum skilaboðum, sem dagsett eru 19. nóvember, gefur ákærði upp fullt nafn sitt og heimilisfang og spyr svo: „When will it come“? Aðilinn svarar að hann viti ekki hversu langan tíma þetta taki. Í öðrum skilaboðum, sem samkvæmt gögnum málsins voru send sama dag og ákærði var handtekinn, skrifar hann: „I can go meet the guy or something“ og er broskarlstjákn þar á eftir og nokkru síðar: „Hey bro thanks a million“ sem hinn aðilinn svarar: „dont forget pay everythink in 1“ og ákærði svarar: „Don´t worry. I will pay you a 50000. Thank you for trusting me. I will not let you down“. Það er mat dómnsins að þessi samskipti sýni svo ekki verði um villst að ákærði hafi gefið aðilanum C2 upp nafn sitt og heimilisfang í því skyni að pakkinn yrði sendur á hann sem móttakanda, þar sem hann spyr í beinu framhaldi af því að hann gefur þessar upplýsingar um sig hvenær hann komi („When will it come“). Í ljósi þessara gagna þykir framburður ákærða ótrúverðugur um að hann hafi ekki vitað af því að pakkinn yrði stílaður á hann. Þá þykja þessi samskipti einnig sýna að ákærði hafi ekki sjálfur staðið að innflutningnum á umræddum efnum, heldur hafi tekið að sér það afmarkaða hlutverk að vera móttakandi pakkasendingarinnar.
28. Ákærði kvaðst fyrir dómi ekki hafa vitað að pakkinn innihéldi fíkniefni og kvaðst sérstaklega aðspurður ekkert hafa spurt aðilann um innihaldið heldur talið það vera eitthvað löglegt í tengslum við „rekstur“ mannsins sem bað hann um að sækja pakkann. Að mati

dómsins eru þessar skýringar ákærða ótrúverðugar að virtum samskiptunum sem koma fram í síma ákærða. Framburður ákærða, sem fyrst kom fram fyrir dómi, um að maðurinn eða mennirnir sem hann sótti þakkann fyrir hafi boðið honum vinnu þykir að mati dómsins ekki vera trúverðugur. Þvert á móti ber framburður ákærða um þetta þess merki að vera settur fram í því skyni að skýra að einhverju leyti þau samskipti í síma ákærða sem rakin eru að framan og enn fremur hvers vegna ákærði hafi talið að í þakkanum væri „eitthvað löglegt í tengslum við reksturinn“. Með hliðsjón af öllu framan­greindu þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi vitað eða mátt vita að þakka­sendingin innihéldi fíkniefni. Í það minnsta hafi ákærði látið sér það í léttu rúmi liggja hvort svo væri eða ekki, þannig að vægasta stig ásetnings, dolus eventualis, eigi við um ákærða.

29. Þar sem búið var að fjarlægja efnin úr þakkanum áður en ákærði sótti sendinguna var um að ræða þúttatítt brot. Í málinu liggja ekki fyrir myndir af hinum haldlögðu fíkniefnum eða gerviefnunum sem komið var fyrir í staðinn. Hins vegar eru á meðal máls­gagna efnaskýrsla þar sem fram kemur magn efnanna og hvernig þeim var þakkað og jafnframt matsgerð þar sem fram kemur tegund og styrkleiki efnanna. Hefur ekkert komið fram í vörnum ákærða sem hnekkir efnaskýrslunni og matsgerðinni.
30. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákvörðun refsingar – upptaka

31. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði, dags. 29. júlí 2025, hefur hann tvívegis verið sviptur ökuréttindum og greitt sekt vegna umferðarlagabrota og í öðru tilvikinu var hann einnig sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni skv. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga. Þessi brot hafa ekki áhrif á refsingu hans í þessu máli. Við mat á refsingu þykir mega horfa til afmarkaðs þáttar ákærða í innflutningi fíkniefnanna, sem lýtur hvorki að undirbúningi né skipulagi brotsins, auk þess sem ekkert liggur fyrir í málinu um að hann hafi haft neinn ávinning af brotinu. Þá þykir mega horfa til þess að ákærði hafi, a.m.k. að einhverju leyti, sýnt vilja til þess að aðstoða lögreglu við að upplýsa um þátt annarra að brotinu þótt það hafi ekki borið árangur. Á hinn bóginn verður ekki horft fram hjá því að um er að ræða innflutning á talsverðu magni fíkniefna. Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til 1., 6., 7., 8. og 9. tl. 1. mgr. 70. gr.

- almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar svo sem nánar greinir í dómsorði.
32. Samkvæmt greindri niðurstöðu og með vísan til lagaákvæða í ákæru er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins, sbr. það sem nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður

33. Vegna úrslita málsins og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, sem með hliðsjón af tímaskýrslu og viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar nr. 1/2026 þykja hæfilega ákveðin 989.520 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði 114.778 krónur í annan sakarkostnað, sbr. heildaryfirlit yfir sakarkostnað.
34. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Pétur Fannar Gíslason aðstoðarsaksóknari
35. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Roger Ray Phea, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gerð eru upptæk 4.485 g af maríhúana.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 989.520 krónur, og 114.778 krónur í annan sakarkostnað.

Guðrún Sesselja Arnardóttir